

Til samgöngunefndar Alþingis.

Fyrir hönd Isavia ohf. vill undirritaður áréttta eftirfarandi athugasemdir í tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023.

Þær eru:

Í lið 2.1 um tekjur og framlög, að fjárveitingar síðustu 10 ár til viðhalds og framkvæmda á flugvallarmannvirkjum og flugleiðsögubúnaði innanlandsflugvalla hefur einungis numið rétt rúmlega helmingi þess fjármagns sem nauðsynlegt hefði verið að verja árlega til verkefnisins. Uppsöfnuð þörf nemur um 1.200 milljónum króna árlega ef koma á þessum grundvallarinnviðum í viðunandi horf á næstu fimm árum.

Í lið 2.2.2., Stofnkostnaður og viðhald, er tekið fram að áætlað viðhaldsfé á árunum 2019–2023 nægi ekki fyrir alla flugvelli í innanlandskerfinu og að viðhald flugvalla og lendingarstaða verði áfram í lágmarki. Er því réttilega ályktað í lið 2.2.1., Rekstur og þjónusta, að búast megi við skertri þjónustu á nokkrum flugvöllum, svo sem Bíldudalsflugvelli nema úr verði bætt.

Virðingarfyllst,

Björn Óli Hauksson